

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991.

1. gr.

2. mgr. gr. 4.2.1.3 orðist svo:

Heimilt er að veita flugrekendum, sem starfa sem slíkir, aðlögunartíma til að uppfylla ákvæði f-liðar um eigið fé. Slíkur aðlögunartími skal eigi veittur lengur en til og með 31. desember 1993. Hyggist flugrekandi nýta sér aðlögunartímann skal hann gera flugmálastjórn grein fyrir því með hvaða hætti kröfur um eigið fé verði uppfylltar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. febrúar 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

Nr. 44

4. febrúar 1992

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum vestan Kolbeinseyjar.

1. gr.

Frá kl. 16.00 5. febrúar 1992 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði vestan Kolbeinseyjar, sem markast af línunum dregnum um eftirgreinda punkta:

1. 67°15' N – 20°30' V
2. 67°15' N – 19°40' V
3. 67°05' N – 19°40' V
4. 67°05' N – 20°30' V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Við gildistöku banns skv. 1. gr. fellur úr gildi reglugerð nr. 460 1. október 1991, um bann við rækjuveiðum vestan Kolbeinseyjar.

Sjávarútvegsráðuneytið, 4. febrúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.